

SKIPULAGSSKRÁ fyrir styrktarsjóð RU MBA 2006.

Útskriftarnemar MBA 2006 frá Háskólanum í Reykjavík stofna hér með sjóð til styrktar börnum og unglingum á Íslandi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður RU MBA 2006.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 647.000 kr., sexhundraðfjörutíuogsjöþúsund krónur, og skal sú upphæð haldast óskert í sjóðnum. Stofnfé kemur úr framlögum útskriftarnemanna.

Ávöxtun sjóðsins skal fara fram með bestu mögulegu ávöxtun á hverjum tíma án áhættu.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og fé sem safnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja málefni barna og unglinga á Íslandi. Árlega mun stjórn sjóðsins ákveða til hvaða málefnis skuli safnað. Til styrkveitinga skal söfnuðu fé veitt árlega.

5. gr.

Fyrstu stjórn sjóðsins skipa undirrituð útskriftarnemar RU MBA 2006. Árgangur RU MBA 2006 mun kjósa stjórn á þriggja ára fresti á aðalfundi sjóðsins. Stjórn getur endurnýjað sig sjálf.

Stjórnin mun skipta með sér verkum.

Fjárvarsla sjóðsins verður í banka.

Verndari sjóðsins er Guðfinna Bjarnadóttir.

6. gr.

Við ákvarðanir innan sjóðsins, þ. á m. um úthlutun ræður, einfaldur meirihluti stjórnarmanna.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórn skal semja reikninga fyrir 1. júní ár hvert og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og sendir Ríkisendurskoðun.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari mega fara fram ef allir stjórnarmenn eru sammála um breytingar á henni og dómsmálaráðherra heimilar eftir umsögn Ríkisendurskoðunar.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 11. ágúst 2006.

Auður Jóhannesdóttir, kt. 280575-5859.

Ólafur Ólafsson, kt. 280567-3109.

Nr. 733

14. ágúst 2006

Ragnheiður Gísladóttir, kt. 260469-5769.
Sjöfn Kristjánsdóttir, kt. 040751-3439.
Steinunn Jónsdóttir, kt. 270568-3439.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. ágúst 2006.

F. h. r.
Ragna Árnadóttir.

Bryndís Helgadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. ágúst 2006